

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 149/2011****2012/EES/15/26****frá 2. desember 2011****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2011 frá 21. október 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/3572/ESB frá 30. júní 2010 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB frá 13. apríl 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd sem innihalda upplýsingar sem um getur í a-lið 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66hf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C (2010) 774 lokaútgáfa) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32010 D 3572**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/3572/ESB frá 30. júní 2010 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/774/ESB frá 13. apríl 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd sem innihalda upplýsingar sem um getur í a-lið 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>, eða gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2011 frá 20. maí 2011 <sup>(2)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 85, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 21.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 28.7.2011, bls. 17.